



Fundargerð

Miðvikudaginn 27. september 2023 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A- Hún kl. 16:30. Notast var við fjarfundarbúnaðinn Teams.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Erla Jónsdóttir.

Auk þess sat fundinn Ólafur Þór Ólafsson, sem framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum og Ólafur Þór Ólafsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Bakvaktir í barnavernd og heimilisofbeldismálum

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um þóknun fyrir bakvaktir, vegna barnaverndar og heimilisofbeldis. Einnig voru til staðar upplýsingar um útköll og símtöl 2021 til 2023. Formaður stjórnar kynnti drög að samningi og kostnaðarútreikning honum tengdum.

Stjórnin áréttar að útkall telst vera viðbragð starfsmanns í kjölfar samtals við viðbragðsaðila í gegnum Neyðarlínu eða vakthafandi lögreglumann. Viðbragði starfsmanns er ætlað að vinna bug á bráðum vanda barna yngri en 18 ára og þolendum/gerendum heimilisofbeldis. Viðbragð starfsmannsins er þannig neyðarviðbragð en úrvinnsla mála hefst að öllu jöfnu ekki fyrr en á dagvinnutíma starfsmanns eða þess er félagsmálastjóri úthlutar málinu.

Stjórn samþykkir samhljóða samninginn.

Í tengslum við samþykktar breytingar stjórnar á bakvöktum, er lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2023 að upphæð kr. 1.796.258.

Stjórn samþykkir samhljóða viðauka við fjárhagsáætlun 2023.

2. Innleiðing farsældar – ráðning starfsmanns

Í framhaldi af samþykkt stjórnar frá 4. apríl 2023 var auglýst eftir verkefnastjóra Farsældar barna. Í framhaldi af starfsmannaviðtali félagsmála – og fræðslustjóra var umsækjandi sem kom til greina að ráða upplýstur um að óvissa væri á þeim tímapunkti með ráðningu og þar með fallið frá ráðningu.

Stjórn samþykkir samhljóða að ráðinn verði verkefnastjóri Farsældar barna, tímabundið til 6 mánaða. Verkefnastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra byggðasamlagsins. Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá ráðningu.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the initials "PLT" and a signature.



3. Til kynningar:

a. Bakvaktir á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Sæborg – staða mála

Á síðasta fundi stjórnar var formanni og framkvæmdastjóra falið að kanna með aðra möguleika á útfærslu bakvakta og að leitað yrði leiða með hjúkrunarforstjóra til að draga úr álagi. Formaður upplýsti að auglýst hefði verið eftir hjúkrunarfræðingi eða hjúkrunarfræðinema til starfa, og að ekki sé komin niðurstaða í möguleikum á annarri útfærslu bakvakta. Framkvæmdastjóra falið að leita frekari leiða.

b. Fundargerðir fagráðs um málefni fatlaðs fólks

Lagðar fram til kynningar fundargerðir fagráðs um málefni fatlaðs fólks frá 6. fundi til þess 8. á tímabilinu 21. ágúst til 6. september 2023.

c. Fundargerðir fagráðs um Barnaverndarþjónustu Mið Norðurlands

Lagðar fram til kynningar fundargerðir fagráðs frá 32. fundi til þess 34. á tímabilinu 22. ágúst til 5. september 2023.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð upplestin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 17:33.


Ásdís Ýr Arnardóttir


Ólafur Þór Ólafsson


Grímur Lárusson


Péturina Laufey Jakobsdóttir


Erla Jónsdóttir